

28. maí 1982.

489

Nr. 261.

AUGLÝSING

um flutning prestsseturs í Staðarprestakalli í Ísafjarðarprófastsdæmi frá Stað að Suðureyri.

Samkvæmt heimild í 14. gr. laga nr. 35 9. maí 1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð og að fenginni umsögn biskups Íslands, prófasts Ísafjarðarprófastsdæmis, sóknarnefndar Staðarsóknar og setts sóknarprests í Staðarprestakalli, er hér mælt svo fyrir, að prestssetur í Staðarprestakalli skuli flytja frá Stað til Suðureyrar.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. maí 1982.

Gunnar Thoroddsen.

Dorleifur Pálsson.